



# Heima og heiman

Þura – Þuríður Sigurðardóttir

29. september 2023 - 12. maí 2024



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
*Sigurjón Ólafsson Museum*

thura@thura.is – [www.lso.is](http://www.lso.is)

# Heima og heiman

Þura - Þuríður Sigurðardóttir

Hugsa sér, að alast upp hér í Laugarnesi! Í dag er staðurinn ýmsum borgarbrúum áfangi til útivistar og dægradvalar – flestir bruna þó framhjá á hraðbrautinni grunlausir um gildi hans. Svæðið er á náttúruminjasrá og friðlýst að hluta. Hvergi í borgarlandinu er jafn greið leið að ósnortinni náttúru, aftur til fortíðar og til sögu byggðar og búsetuhátta. Það þarf rétt aðeins að bera sig eftir því, ganga um, leita heimilda og síðast en ekki síst ímynda sér, því eins og víðast hvar hefur tíminn látið sögu og náttúru renna saman í eitt. Húsatóftir, hóla og hæðir má greina í landinu, bugtir og bátalægi í fjörunni, og hugurinn fer á flug.

Hér í Laugarnesi hefur fólk átt heima allt frá landnámi; svo segja fornar heimildir, sögur og jarðarbækur. Í Brennu-Njálssögu segir svo frá að sjálf Hallgerður hafi varið æviköldinu í Laugarnesi og sé hér grafín. Hér var kirkja og kirkjugarður þar til sóknin var sameinuð dómkirkjusókn á 18. öld. Á 19. öld var hér biskupsstofa, stærsta hús á landinu, en það þótti lélegt, samanber kvæðið um Lekann í Laugarnesi;

*Stormurinn í stofugrind*

*stóru frá sér ekur.*


*Þar má hafa þerrivind*

*þegar ekki lekur.*

Nú á dögum þekkir maður fullvel norðanáttina og þykir nóg um að skjótast út í bíl þegar verst blæs. Hvað þá að búa hér allan sinn aldur í misjöfnu húsnæði! Eftir biskupsstofuna var byggður spítali á nesinu, gjöf Dana til Íslendinga. Hann var mikið mannvirki sem þjónaði holdsveikum og sjúkum allt til þess að bandaríska hernámsliðið yfirtók bygginguna og glopraði frá sér í bruna. Í Laugarnesi var kampur með tugum bragga og þangað fluttist fólk eftir að stríðinu lauk en byggingarnar hurfu smám saman. Alltaf stóð Laugarnesbærinn á sínum hól, ummerki langvarandi búsetu sem enn má sjá, en húsið sjálft var fjarlægt árið 1987. Með síðustu íbúum í því húsi voru foreldrar og fjölskylda Þuríðar Sigurðardóttur, listmálarans og söngkonunnar Þuru.



Með verkum sínum á sýningunni *Heima og heiman* býður Þura okkur í hugarheim barnsins sem ólst upp í Laugarnesi. Þar var hennar leikvöllur og er jafnvel enn. Hún hefur farið í fjársjóðsleit, rýnt í gróðurinn, týnt



steina í fjörunni og upplifað sögu staðarins á eigin skinni. Leikið sér við krakkana í næstu húsum, kynnst fjölskyldu listamannsins Sigurjóns og séð fólk og hús koma og fara. Leið Þuru hefur héðan legið í ýmsar áttir þótt Laugarnes megi segja að sé nokkurs konar heimavöllur. Við nám í Lista-háskólanum stóð hún við trönurnar aðeins spölkorn frá æskustöðvunum. Hún bjó sér heimili í Garðabæ en Laugarnesið er henni alltaf *heima*. Einn er annar staður sem hún hefur sérstakt dálæti á, þangað sem hún sækir ítrekað eins og hingað. Það er Búrfellsgjá í Heiðmörk. Einhvern veginn laðast hún að umhverfinu þar með þeim hætti að hún upplifir sig eins og á nýjum leikvelli. Þar er ótæmandi brunnur af undrum og uppgötunum sem veita henni áþekka hugarró og gömlu heimaslóðirnar.

Hvað kemur fram í hugann þegar við hugsum um *heima*? Er það inni í stofu hjá pabba og mömmu, heimilið sem veitti skjól þegar kuldaboli bjó til frostrósir á rúðuna? Eða eru það náttúra og umhverfi æskustöðvanna í allri sinni dýrð? Áttahagarnir, borgin, landið? Svo rambar maður stundum á stað þar sem vekur vellíðan, þar sem manni finnst maður eiga heima. Þessi tilfinning getur komið fram á ókunnum slóðum erlendis eða á ferðalögum um víðerni íslenskrar náttúru. Tengslamyndun manneskjunnar við staði er listamönnum ótæmandi brunnur rannsókna og vangaveltna. Staðir taka jú stöðugum breytingum eins og Laugarnesið ber merki, og manneskjan er heldur aldrei söm. Málverk Þuru feta þessa slóð, þar sem hið áþreifanlega og hið hverfula kallast á. Minningar, ímyndunarafl og raunveruleiki renna saman í verkum sem ramba á mörkum hins óhlutbundna og hins hlutbundna, þess sem er túlkað abstrakt og raunsæislega. Hún dregur fram haldreipi af ýmsum gerðum, lítinn hlut, staka jurtt, brot af heild sem eru eins og púsl í óræðri mynd sem aldrei er hægt að kalla fram í heild sinni. Í brotunum gefst tækifæri til að nálgast þá mynd, og sem áhorfendur að verkunum öðlumst við hlutdeild í henni.

Markús Þór Andrésson

# Home and Away

Þura - Þuríður Sigurðardóttir

Imagine growing up here in Laugarnes! Today, the place is a destination for various city dwellers for outdoor activities and pastimes - however, most pass by on the motorway without knowing its significance. The area is on the natural heritage register and partially protected. Nowhere in the city is there such an easy access to untouched nature, back to the past and to the history of habitation and ways of living. You just have to follow it, walk around, do a little bit of research and, most importantly, imagine, because as in many places in Iceland, time has made history and nature merge into one. Faded marks of house walls can be seen in the land, hills and mounds, anchorage and boat dock by the shore, and the imagination catches wind.

People have lived here in Laugarnes ever since settlement; so say ancient sources, stories and land records. In the 13th century Saga of Njáll, it is said that Hallgerður herself spent the evening of her life in Laugarnes and is buried here. There was a church and a cemetery here until the parish was united with the cathedral parish in the 18th century. In the 19th century, there was a bishop's house here, the largest building in the country, but it was considered poor, holding neither wind nor rain, as described in written sources from the time.





Nowadays, people get to know the North wind well enough on the way from the house door to the car. Let alone living here your entire life in unreliable housing! After the bishop's habitat, a hospital was built here, a gift from the Danes to the Icelanders. It was a large structure that served lepers and the sick until the American occupation forces took over the building during WWII and it burned down. In Laugarnes, there was a military camp with dozens of barracks, and local people moved there after the war ended, but the buildings gradually disappeared. The farmhouse of Laugarnes always stood on its own, on a hill that can still be seen, serving as a reminder of a long-term residence, but the house itself was removed in 1987. Among the last residents of that house were the parents and family of Þuríður Sigurðardóttir, the painter and singer Pura.

With her works at the exhibition *Home and Away*, Pura invites us into the world of the child who grew up in Laugarnes. Her playground was here and still is. She has gone on a treasure hunt, scrutinized the vegetation, gathered stones in the beach and experienced the history of the place first hand. She played with the kids in the next houses, got to know the artist Sigurjón Ólafsson's family and saw people and houses come and go. From here, Pura's route has led in various directions, although Laugarnes can be said to be a sort of home ground. While studying at the University of the Arts, she stood by the easel just a stone's throw from her roots. She made a home in Garðabær, but Laugarnes continues to be home for her. She has found another place that she feels specially connected to, where she goes

repeatedly like to Laugarnes. This is Búrfellsgjá in Heiðmörk. Somehow she is attracted to the environment there in such a way that she feels like she is in a new playground. There she has found an inexhaustible well of wonders and discoveries that give her a similar peace of mind as the old childhood grounds.

What comes to mind when we think of *home*? Is it inside mom and dad's living room, the home that was shelter when the North wind created frost roses on the window? Or is it nature and the surroundings of the youth in their entire splendour? The origins, the city, the country? Then sometimes you come across a place that makes you feel good – where you feel at home. This feeling may come over you in unfamiliar places abroad, or on trips through the wilderness of Icelandic nature. The relationship between people and places is an inexhaustible source of research and speculation for artists. Places are constantly changing, as the history of Laugarnes shows, and people are never the same either. Þóra's paintings follow this path, where the tangible and the fleeting are called upon. Memories, imagination and reality merge in works that straddle the boundaries between the ephemeral and the objective, the abstract and the realistic. She brings out references of various kinds, a small object, a single herb; fragments of a whole that are like a puzzle in an ambiguous image that can never be evoked in its entirety. Through the fragments, there is an opportunity to approach that image, and as viewers of Þóra's works, we get a glimpse into it too.

*Markús Þór Andrésson*

